

Rangárþing ytra  
b/t Haraldur Birgir Haraldsson  
Suðurlandsvegur 1-3  
850 Hella

Reykjavík 1. apríl 2019  
UST201812-122/A.B.  
10.04.03

**Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Þjóðólfshagi – Rangárþing ytra – Viðbótarsvar.**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 14. mars sl. þar sem óskað er viðbótarumsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Þjóðólfshaga í Rangárþingi ytra.

Umhverfisstofnun staðfestir hér með að brugðist hefur verið við umsögn stofnunarinnar frá 7. janúar sl.

Í umsögn Umhverfisstofnunar frá 7. janúar sl. benti stofnunin á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins vistgerðirnar starungsmýravist og víðikjarrvist sem eru á lista Bernarsamningsins frá 2014, en það eru vistgerðir sem hafa mjög hátt verndargildi og lagði Umhverfisstofnun til að þeim vistgerðum verði ekki raskað.

Í uppfærðri greinargerð deiliskipulagstillögunnar er tekið tillit til umsagnar Umhverfisstofnunar á þann hátt að sagt er að innan skipulagssvæðisins séu vistgerðirnar starungsmýravist og víðikjarrvist sem eru á lista Bernarsamningsins frá 2014, en það eru vistgerðir sem hafa mjög hátt verndargildi. Auk þess kemur fram í uppfærðri greinargerð deiliskipulagstillögunnar að vistgerðunum verði ekki raskað að óþörfu. Umhverfisstofnun telur það óljóst hvað er átt við staðhæfingunni að vistgerðunum verði ekki raskað af óþörfu.

Ástæða þess að Umhverfisstofnun er að benda á þessa þætti er sú að á skipulagssvæðinu eru vistgerðir sem eru mikilvægar og eru með mjög hátt verndargildi og bendir stofnunin á mikilvægi þess að gerð sé valkostagreining og valdir séu staðir þar sem verndargildi vistgerða er lágt.

Auk þess bendir Umhverfisstofnun á að innan ofangreindra vistgerða er ríkt fuglalíf og búsvæði fuglategunda sem eru ábyrgðartegundir Íslands. Því leggur Umhverfisstofnun áherslu á mikilvægi þess að búsvæðum fuglanna verði ekki raskað. Innan


starungsmýrarvistar eru búsvæði lóupræls (*Calidris alpina*), spóa (*Numenius phaeopus*), jaðrakans (*Limosa limosa*) og stelks (*Tringa totanus*), en allt eru þetta ábyrgðartegundir.

Í skýrslu NÍ frá árinu 2012 er nefnist „Vöktun íslenskra fuglastofna - Forgangsröðun tegunda og tillögur að vöktun“ eftir Guðmund A. Guðmundsson og Kristinn Hauk Skarphéðinsson segir m.a. að talað er um ábyrgðartegundir einstakra landa ef stór hluti einhvers dýrastofns byggir afkomu sína á tilteknum svæðum innan einstakra þjóðríkja. Einnig segir í skýrslunni að Íslendingar bera mikla ábyrgð á mörgum stofnum fugla, sem annað hvort verpa hér í óvenju ríkum mæli eða þá að stór hluti viðkomandi stofns fer hér um á ferðum sínum vor og haust. Á heimasíðu NÍ segir að miðað er við að um 20% af Evrópustofni viðkomandi tegundar nýti Ísland til varps eða komi hér við á ferðum sínum kallist ábyrgðartegund.



Axel Benediktsson  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir  
Sérfræðingur